

| | | | |
|-----------------------|---|----------------------|-------------|
| <i>Fundarboðandi:</i> | Starfsmaður f.h. formanns | <i>Fundarstaður:</i> | Fjarfundur |
| <i>Fundarstjóri:</i> | Sigurborg Daðadóttir formaður | <i>Dagsetning:</i> | 06.09.2023 |
| <i>Fundarritari:</i> | Esther Hermannsdóttir | <i>Fundartími:</i> | 10:00-11:30 |
| <i>Pátttakendur:</i> | Sigurborg Daðadóttir (Yfirdýralæknir, formaður fagráðs), Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands) Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnunar HÍ) Hilmar Vilberg Gylfason (f.h. Bændasamtaka Íslands) og Anna Berg Samúelsdóttir (f.h. Dýraverndarsambands Íslands). Thelma Dögg Róbertsdóttir sérgreinadýralæknir mætir á fundinn undir lið 3. | | |

Dagskrá

- Farið yfir fundargerð síðasta fundar
- Umsókn um dýratilraun
 - Brown Seaweed Scaffold for Healing of full thickness wounds - Pilot Animal testing
- Slátrun svína – aflífun með gasi
- Varphænsnahald notkun búra
- Málsmeðferð erinda fagráðs – hlutverk ráðsins
 - Blóðtaka úr fylfullum hryssum – Ályktun Samtaka um dýravelferð á Íslandi (SDÍ) dags. 24. júlí
 - Blóðtaka úr fylfullum hryssum – Jarðarvinir dags. 27. júlí
 - Hreindýraveiðar – Jarðarvinir dags. 4. júlí
- Önnur mál

Umræða

- Farið yfir fundargerð síðasta fundar
Fundargerð lesin og samþykkt.
- Umsókn um dýratilraun
 - Brown Seaweed Scaffold for Healing of full thickness wounds - Pilot Animal testingFulltrúi Dýraverndarsambands Íslands óskaði eftir sérstakri bókun um þá afstöðu DÍs vegna dýratilrauna að alltaf skuli hafa í huga að dýr eru ekki hlutir heldur skyni gæddar verur.
Fagráð veitir jákvæða umsögn.

3. Slátrun svína – aflifun með gasi

Thelma Dögg Róbertsdóttir sérgreinadýralæknir svína var með kynningu og svaraði spurningum ráðsins. Farið yfir hvernig staðið er að málum hér á landi. Fram kom að hér er verið að nota viðurkenndar aðferðir við slátrun svína en allar aðferðir hafa kosti og galla. Fylgst er með þróun varðandi endurskoðun reglugerðar Evrópusambandsins um aflifun dýra.

4. Varphæsnahald notkun búra

Bann við að halda varphænur í búrum tók gildi 1. júlí sl. Hjá Matvælastofnun stendur yfir eftirlit með því að banninu sé fylgt.

5. Málsmeðferð erinda fagráðs – hlutverk ráðsins

Umræður um hvaða erindi sem berast fagráði á að taka fyrir á fundum. Skv. vinnureglum fagráðs getur fagráðsmaður óskað eftir að fagráð fjalli um sérstakt málefni á sviði dýravelferðar. Rætt um að útfæra betur hvernig erindi eru lögð fyrir ráðið og hvernig þarf að breyta vinnureglum í samræmi við það. Fram kom að MAST muni uppfæra upplýsingar á heimasíðu um fagráðið þar sem fram kæmi hver væri starfsmaður ráðsins og hvernig móttöku og úrvinnslu erinda sem berast fagráðinu er háttað.

Eftirfarandi erindi hafa borist og verða tekin til efnislegrar umræðu síðar.

- a. Blóðtaka úr fylfullum hryssum – Ályktun Samtaka um dýravelferð á Íslandi (SDÍ) dags. 24. júlí
- b. Blóðtaka úr fylfullum hryssum – Jarðarvinir dags. 27. júlí
- c. Hreindýraveiðar – Jarðarvinir dags. 4. júlí

6. Önnur mál.

Fleira ekki rætt. Fundargerð yfirfarin og samþykkt. Fundi slitið